

Textaraðirnar og kirkjuárið í sögulegu ljósi¹

Inngangur

Í hverri guðsþjónustu er lesinn ritningartexti úr Gamla testamentinu, bréfum eða öðrum ritum Nýja testamentisins og loks úr einu guðspjallanna. Þessir þrír textar mynda eina heild. Þeir fjalla um svipað efni og eru bundnir tilteknum helgidögum kirkjuársins. Greinileg innbyrðis tengsl eru líka á milli þessara textablokka, frá sunnudegi til sunnudags, en auk þess er að finna í þeim tilvísanir til annarra helgidaga kirkjuársins. Dæmi um slíkt er t.d. boðunardagur Maríu, en hann er níu mánuðum fyrir jól. Ritningartextarnir hafa því ekki aðeins sjálfstætt vægi innan guðsþjónustunnar, heldur má líkja þeim við mósaíksteinna sem raðað er saman eftir tímalínu kirkjuársins þar sem þeir birta megindrætti litskrúðugrar myndar hjálpræðissögunnar. Fræðimenn hafa reynt að grafast fyrir um tilurð þessarar textaraðar og hvaða þróun búi að baki henni. Hér á eftir verður sú viðleitni lítillaga skoðuð.²

Lestrarnir kallast á erlendum málum *perikópur* (gr. περικοπη = hringlaga höggvið stykki), en það orð vísar til valins hlutar. Hugtakið kemur fyrst fyrir hjá Jústínusi kirkjuföður og píslarvotti (d. 165), en hann notar það um ritningarstaði sem trúfræðileg kenning byggist á. Það er ekki fyrr en á 17. öld sem byrjað er að nota hugtakið perikópur yfir þá texta sem lesnir eru upp í guðsþjónustum og á íslensku eru oftast kallaðir textaraðir.³ Um upphaf ritningarlesturs í kristnum guðsþjónustum er hins vegar margt á huldu, bæði hvað varðar fjölda lestra og hvaða textar voru lesnir.

Rétt er að geta þess að fyrir handbækur skiptir fyrsta textaröð kirkjuársins, hin fornkirkjulega röð, miklu máli. Kafla- og versaskipting sú sem við þekkjum úr Biblíunni kom tiltölulega seint fram á sjónarsviðið. Tildrögin að því að skipta ritum Biblíunnar niður í tölusetta kafla má rekja til ársins 1205 þegar erkibiskupinn af Kantaraborg, Stefán Langton (1150–1228), innleiddi þá. Heiðurinn af versaskiptingunni á aftur á móti prentari í París að nafni Robertus Stephanus (1503–1559) sem setti hana inn í gríska útgáfu Nýja testamentisins árið 1551, en kerfið var síðan tekið upp og notað á öll rit Biblíunnar. Þegar efni fyrstu textaraðarinnar er skoðað ber að hafa þetta í huga. Upphaflega hefur það verið svo er lesarinn las úr ritningunni að hann ákvað sjálfur hvar hann byrjaði og hvar hann hætti. Snemma var þó farið að setja merki inn í textann sem sögðu til um hvar átti að byrja og hvar að hætta. En þeirri aðferð var líka beitt við textalestur innan samkunduhúsanna.⁴

¹ Höfundur tileinkar greinina minningu Eberhards Wölfel (1927–2019) og Einars Sigurbjörnssonar (1944–2019).

² Ég stýðst einkum við þýsku fræðimennina Gerhard Kunze, Peter C. Bloth, Karl-Heinrich Bieritz, Karl Dienst og Frieder Schulz.

³ Karl Dienst, „Perikopen“, RGG 5/1961, bls. 220–224, hér 220.

⁴ Gottfried Reeg, „Perikopen“, RGG 6/2003, bls. 1111–1112. Þess má geta að versaskiptingin kom til Íslands með Þorláksbiblíu árið 1644. Sjá: Sigurður Ægisson, *Íslenska Biblían: Agrip rúmlega fjögurra alda sögu*, Siglufjörður: Sigurður Ægisson, 2015.

Lestrar og textaröð

Rýrar heimildir eru til um lestra í guðsþjónustum frumsafnaðarins og fornkirkjunnar og þess vegna verða menn að styðjast við misvel ígrundaðar tilgátur um þetta tímabil. Flestir fræðimenn eru sammála um að í elstu gerðum textaraða hafi alla jafnan verið lesið úr bréfum Nýja testamentisins og úr einu guðspjallanna. Af elstu heimild um lestra í guðsþjónustunni má draga þá ályktun að svipuð aðferð hafi verið notuð og í samkunduhúsum gyðinga. En fræðimenn deila nokkuð um að hve miklu leyti frum-söfnuðurinn og fornkirkjan tileinkuðu sér þessa venju úr gyðingdómi.⁵

Í Nehemíabók er greint frá því er Esra spámaður stígur upp á háan tréþall á torginu í Jerúsalem á nýárshátíð Ísraelsmanna og les úr lögmálinu frá birtingu til hádegis. Greint er frá því er hebreski textinn var lesinn, útskýrður þá, líklega eins og síðar varð, þýddur yfir á arameísku „til þess að fólkið skildi það sem lesið var“ (Neh 8.1–12, sbr. 5Mós 31.10–13). Af þessu má draga þá ályktun að þegar á fjórðu öld f.Kr. hafi verið vani að lesa úr textum ritningarinnar í musterinu og henni hafi fylgt þýðing og prédikun. Fundist hafa textaraðir sem notaðar voru í samkunduhúsum. Um er að ræða tvær hefðir, annars vegar eins árs ferli sem á rætur að rekja til textaraðar sem gyðinglegir fræðimenn, sem störfuðu í Babýlon og Palestínu um 250–500 e.Kr., tóku saman. Í henni er gert ráð fyrir því að lögmálið eða Mósebækurnar séu fluttar yfir árið í 54 lestrum. Fyrsta Mósebók er lesin í 12 lestrum, Önnur Mósebók í 11, Þriðja Mósebók í 10 lestrum, Fjórða Mósebók í 10 og Fimmta Mósebók í 11 lestrum. Gert er ráð fyrir að lestrunum ljúki á laufskálahátíðinni.⁶

Í annan stað er þekkt textaröð sem gerir ráð fyrir lestri lögmálsins, þ.e. Mósebókanna fimm, á þremur árum, en um tvöfaldan lestur var þar að ræða þar sem að auki var lesið úr spámönnunum. Um var að ræða 153 til 167 skipti. Þetta var svo-nefndur samfelldur lestur, á latínu *lectio continua*. Þessi lestraröð var notuð í Palestínu og er hún frá því um miðja þriðju öld e.Kr. Innan fræðanna er deilt um hvort samfelldur lestur hafi átt við um spámennina, en líklegt þykir að úr þeim hafi verið lesnir valdir kaflar.⁷ Í gyðinglegum handritum af ritum Gamla testamentisins er jafnan að finna merkingar sem sýna hvar lesari á að hefja lesturinn og enda, þessi merki nefnast *petuba* á hebresku sem þýðir „að opna“, auk þess sem sett er inn orðið *setuma* á hebresku, sem þýðir „að loka“, þar sem lesturinn á að enda. Í fornum handritum sem fundust í Kúmran (1947–1956), sem mörg hver eru frá því nokkru fyrir Krists burð, er að finna vott um slíkar merkingar.⁸ Gera má ráð fyrir því að í lestrum í samkunduhúsum hafi verið til einhvers konar textaraðir, en heimildir binda okkur við framangreindar raðir.

Í musterinu og samkunduhúsunum er gert ráð fyrir því að lesið hafi verið upp úr Gamla testamentinu og í samkunduhúsum var lagt út af textanum eftir lestur. En til

⁵ Herwarth von Schade og Frieder Schulz (ritstj.), *Perikopen: Gestalt und Wandel des gottesdienstlichen Bibelgebrauchs (Reihe Gottesdienst)*, Hamborg: Lutherisches Verlagshaus, 1978, bls. 10.

⁶ Laufskálahátíðin var þakkarhátíð sem haldin var að hausti í níu daga til þess að minnast 40 ára veru Ísraelsmanna í eyðimörkinni. Reistir voru litlir skálar úr lauftrám við heimili og sýnagógur þar sem fjölskyldur höfðust við á meðan á hátíðinni stóð. Sjá: Hans-Peter Mathys, „Gottesdienst“, *Die Welt der Hebräischen Bibel: Umfeld — Inhalte — Grundthemen*, ritstj. Walter Dietrich, Stuttgart: Kohlhammer, 2017, bls. 258–270, hér 263–265.

⁷ Gerhard Kunze, „Die Lesungen“, *Leiturgia*, 2. bindi, Kassel: Johannes Stauda-Verlag, 1955, bls. 88–179, hér 107.

⁸ Gottfried Reeg, „Perikopen“, bls. 1111; Sebastian Grätz, „Kanonbildung“, *Die Welt der Hebräischen Bibel: Umfeld — Inhalte — Grundthemen*, ritstj. Walter Dietrich, Stuttgart: Kohlhammer, 2017, bls. 96–110, hér 104–108. Á íslensku er að finna aðgengilega umfjöllun um Daudahafshandritin hjá: Hans Johan Sagrusten, *Stóra þúsulspilið: Leitir að elstu handritum Biblíunnar*, þýð. Hreinn Hákonarson, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2015, bls. 163–168.

samkunduhússins er vísað hjá Flavíusi Jósefusi sagnaritara (37–100 e.Kr.) og einnig í Postulasögunni (15.21). En ekki er talið að í samkunduhúsum hafi verið um að ræða fyrirfram skilgreindar textaraðir sem bundnar voru tilteknum helgidögum. Menn telja að lesarinn hafi annaðhvort valið sjálfur þann texta sem lesinn var upp úr í lögmálinu og spámönnunum eða gengið inn í áframhaldandi lestur úr tilteknu riti.⁹ Það hafi því ekki verið um að ræða afmarkaðar og fyrirfram skilgreindar textaæiningar (períkóp-ur).¹⁰ Í Lúkasarguðspjalli virðist t.d. gert ráð fyrir slíkum áframhaldandi lestri eða vali lesara úr tilteknu riti (Lúk 4.14–21).¹¹ Fræðimenn telja þó ekki að frumsöfnuðurinn hafi tileinkað sér venju um ritningarlestur úr samkunduhúsum, heldur sé hér um að ræða samhliða þróun. Rétt er þó að geta þess að margir fræðimenn telja að frumsöfnuðurinn í Jerúsalem hafi tekið mið af lestrum í musterinu í tengslum við sínar guðspjónustur, en guðspjónustuhéð þess safnaðar hafi ekki haft nein varanleg áhrif í frumsöfnuðinum og vægi hans hafi horfið eftir að söfnuðurinn fór frá Jerúsalem árið 66 og settist að í Pella og var eftir fall Jerúsalem árið 70 áhrifalaus með öllu.¹² Af framangreindu má álykta að fyrst hvorki gyðingar né frumkirkjan hafi skilgreint hvaða rit tilheyrðu helgiritasafni sínu fyrr en á annarri og þriðju öld, þá hafi textaraðirnar mótast samhliða þeirri þróun.¹³

Í ritum Nýja testamentisins er skírskotað til þessarar venju þegar talað er um að lesið sé upp úr ritningunni og í bréfum Páls er gert ráð fyrir því að þau séu lesin á safnaðarsamkomum. Að minnsta kosti er nokkuð víst að bréf Nýja testamentisins voru lesin í heild eða að hluta í guðspjónustum og afmarkaður hluti eða kafli úr guðspjöllunum.¹⁴ Í rannsóknum á máltíðarsamkomum í hellenskum heimi er gert ráð fyrir að undir borðhaldi hafi menn lesið úr ritum, flutt erindi og rætt um innihald þess sem flutt var. Samkomur frumsafnaðarins í heimi hellenismans bera líka merki þessa. En það skýrir hvers vegna í bréfum Nýja testamentisins er fjallað jöfnum höndum um guðfræði, siðferðileg álitamál, átök o.s.frv., jafnt og sálma sem og bænir. Þeir voru sungnir og þær beðnar á samkomum safnaðanna, sem jafnan voru tengdar málsverðum. Við þessi tilefni hafa hlutar úr guðspjöllunum verið lesnir og útskýrðir fyrir safnaðarfólki sem var að stórum hluta ólæst. Auk þessa bera rit Nýja testamentisins með sér sterkar kennslufræðilegar tilvísanir sem vísa til þess félagslega samhengis sem þessi bréf eru skrifuð inn í. Þau hafa greinilegt kennslufræðilegt markmið sem fræðslurit fyrir söfnuðinn.¹⁵

Þýski guðfræðingurinn Gerhard Kunze (1892–1954) skrifaði sígildar greinar um markmið, uppruna og þróun textaraða kirkjunnar. Hann greinir á milli fimm sameiginlegra þátta sem lestrarnir höfðu í gyðingdómi, í frumsöfnuðinum og fornkirkjunni.¹⁶

Fyrst ber að nefna beitingu lestranna í guðspjónustunni sem kennslutækis, lestur ákveðinna texta og röð þeirra hafði ákveðna merkingu samkvæmt samhengi þeirra

⁹ Peter C. Bloth, „Schriftlesung I“, *TRE* 30/1999, bls. 520–558, hér 523.

¹⁰ Karl Dienst, „Perikopen“, bls. 221.

¹¹ François Bovon, *Das Evangelium nach Lukas*, EKK III/1, Zürich/Köln: Neukirchen-Vluyn, 1989, bls. 211.

¹² Gerhard Kunze, „Die Lesungen“, bls. 112–115; Peter C. Bloth, „Schriftlesung I“, bls. 523–524.

¹³ Karl-Heinrich Bieritz, „Das Kirchenjahr“, *TRE* 18/1987, bls. 575–599, hér 580.

¹⁴ Udo Schelle, *Die ersten 100 Jahre des Christentum 30–130 n. Chr.*, 2. útg., Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht, 2016, bls. 149–151.

¹⁵ Christian Grethlein, *Was gilt in der Kirche? Perikopenrevision als Beitrag zur Kirchenreform*, Leipzig: Evangelische Verlagsanstalt, 2013, bls. 31.

¹⁶ Gerhard Kunze, „Die Lesungen“, bls. 91–97.

innbyrðis. Þetta átti við um lestra í samkunduhúsum en líka innan kristinna safnaða þar sem samhengi texta viðkomandi sunnudags við undangengna sunnudaga og staðsetning þeirra innan kirkjuársins, sem var þegar í mótun, hafði einnig sitt hlutverk. Lestur texta úr ritum Gamla testamentisins eða bréfum og guðspjöllum gegndi hlutverki íhugunar, fræðslu og menntunar fyrir safnaðarfólk. Safnaðarfólk sem áheyr- endur varð handgengið hjálpræðissögunni og tengslum hennar við sögu kirkjunnar og öðlaðist hæfni til að tengja textana eigin lífi. Þannig er komið á tengingu milli kirkjulegs og persónulegs lesturs. Hve mikilvæg þessi tengsl voru talin kemur vel fram í orðum kirkjuföðurins Kyrils í Jerúsalem (313–386): „Það sem er ekki lesið í kirkjunni, áttu ekki að lesa heima.“¹⁷ Miklu máli skipti hér hvaða rit urðu fyrir valinu, en innan kristninnar voru textar úr spámannaritunum mikilvægir fyrir túlkun á Krists- atburðinum, en í samkunduhúsum voru það textar Mósebókanna.

Í annan stað fjallar Kunze um dulrænan skilning á lestrunum (þ. *Das magische Verständnis*). Í heimi hellenismans áttu dulræn endurlausnartrúarbrögð vinsældum að fagna þar sem hið hulda var í brennidepli og töfrar sem því tengdust. Flutningur ritaðs orðs úr helgum ritum var talinn breyta lífi áheyrenda. Það sem lesið var upphátt átti sér í raun og veru stað. Þessi hugmynd um heilagleika hins skrifaða orðs var mjög útbreidd í trúarbrögðum fornaldar og trúarbragðablöndu hellenismans. Óhætt er að segja að þessi skilningur sé enn til staðar í nútímanum. Segir Kunze að í því sambandi nægi að benda á t.d. prentuð prófskírteini sem staðfesti að handhafi þess sé sá sem hann er.¹⁸

Í þriðja lagi er um að ræða andlegan lestur og andlegan skilning. Hér hvílir áherslan ekki einungis á að lesið sé, heldur að andinn sé virkur í lestrinum. Hann lýkur upp fyrir söfnuðinum merkingu þess sem lesið er. Mikilvægi lestursins er bundið heilög- um anda sem starfar í, með og undir orðinu. Virkni hans er bundin orðinu, þó að hann standi einnig utan þess.¹⁹ Lestur ritningarinnar í heimi kristninnar verður ekki losaður úr tengslum við söfnuðinn, staðsetningu innan guðspjónustunnar og ræktun trúarlífs einstaklingsins innan hans.²⁰ Þýski guðfræðingurinn og trúarheimspekingur- inn Ingolf U. Dalferth hefur í þessu samhengi áréttað að í kristindóminum er talið mikilvægt að greina skýrt á milli ritningarinnar sem orðs Guðs annars vegar og Biblí- unnar sem bókar eða safns bóka hins vegar. Orð Guðs sé alltaf hið lifandi flutta orð. Orðið sem fagnaðarerindi mæti mannum ætíð sem persónulegt ávarp er snerti hann beint. Orð Guðs sé því í raun Jesús Kristus og fagnaðarerindið um hann, en það geti mætt mannum á tvo vegu, annars vegar sem lögmál og hins vegar sem fagnaðar- erindi. Sami boðskapur geti virkað á báða vegu sem lögmál og fagnaðarerindi. Texti ritningarinnar feli í sér þetta orð eða vísi til þess en verði ekki lagður að jöfnu við það. Þess vegna er ritningin svo að segja ætíð túlkuð út frá Kristi og í samhengi við hann, eins og er svo vel dregið fram í frásögunni af Emmausförunum í Lúkasar- guðspjalli (24.13–35).²¹ Þessi munur á veruleika orðs Guðs sem ritningarinnar og Biblíunnar sem prentaðrar bókar varpar ljósi á það hvers vegna kristnir söfnuðir geta

¹⁷ Sama rit, bls. 91.

¹⁸ Sama rit, bls. 93.

¹⁹ Sama rit, bls. 94.

²⁰ Udo Schelle, *Einleitung in das Neue Testament*, 3. útg., Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht, 1999, bls. 363–375, sbr. bls. 26–29 og 169–171.

²¹ Ingolf U. Dalferth, *Wirken des Wort: Bibel, Schrift und Evangelium im Leben der Kirche und im Denken der Theologie*, Leipzig: Evangelische Verlagsanstalt, 2018, bls. 186 og 404–405.

vel þrífist án þess að eiga Biblíuna sem bók og geti stuðst við minni textasöfn, en einnig að períkópur, eins og fyrsta textaröðin, nægja vegna þess að hér er um að ræða ákveðna texta úr ritningunni sem eru þrungnir boðskap fagnaðarerindisins eða vísa sterkt til Krists.²²

Í fjórða lagi hafði lestur upp úr ritum ritningarinnar mjög hagnýtt gildi. Í fornkirkjunni var vani að lesa við upphaf guðsþjónustunnar. Markmiðið var að draga úr óróa innan guðsþjónustunnar — vægi textanna jókst eftir því sem leið á guðsþjónustuna.²³

Loks var í fimmta lagi um táknræna merkingu að ræða, þar sem tengsl lestrar, inntak og útlekkingar textans kallast á, en þetta samband texta og táknrænnar merkningar hans er jafnan reifað í prédikuninni, hvernig hann knýr til Krists.²⁴

Óhætt er að segja að þessir þættir séu að einhverju leyti enn í fullu gildi í guðsþjónustu kristinnar kirkju.

Fornkirkjan

Til þess að skýra hina flóknu sögu um tildrög textaraðanna er aðferð Kunze auðvitað nærtæk. Hann setur saman greinargóða sögufléttu um hvernig þessi þróun hafi verið í samræmi við rannsóknir sínar. Kunze gerir ráð fyrir því að áhrif samkunduhúsanna á ritningarlestur í guðsþjónustum frumsafnaðarins og fornkirkjunnar hafi verið takmörkuð af því að guðfræðileg sjónarmið voru ekki einsleit. Annars vegar var lögð áhersla á lögmálið (fimmbókaritið), hins vegar Krist og spámannlegu hefðina innan frumsafnaðarins. Trúboðssöfnuðir í dreifingunni hafi lotið allt öðrum lögmálum en áttu við innan gyðingdóms. Þeir mótuðust ekki af formfestu, heldur opnum huga og atorkusemi þeirra sem tilheyrðu þeim. Í endursögn er söguflétta Kunze eftirfarandi: Við erum stödd í Filippí árið 56 eftir fæðingu Krists. Söfnuður kristinna kemur reglulega saman á sunnudagsmorgnum. Forstöðumaður leiðir samkomuna en hann er einn af upprisuvottunum, ef til vill einn af þeim sjötíu eða fimmhundruð bræðrum sem getið er um.²⁵ Kunze kallar forstöðumanninn Theodas, en á samkomunni greinir Theodas frá Drottni, hvað hann gerði og sagði og svarar fyrirspurnum um efnið. Að því loknu eru sungnir sálmar og loks biður hann borðbæn áður er kærleiksmáltíðin hefst þar sem menn neyta sameiginlega þeirrar fæðu sem hver leggur til. Eftir máltíðina er farið með þakkarbæn og blessun áður en hver heldur til síns heima. Engin rit nota menn við þessar samkomur, andinn blæs þeim í brjóst það sem flytja ber og hvers skuli beðið. Auk þess eru sungnir sálmar. Aftur á móti á Theodas litla papírusrollu þar sem finna má valda staði úr Gamla testamentinu. Um er að ræða staði sem tengjast sérstaklega spádómum um Krist og þjáningu hins réttláta. Hér er átt við texta úr Jesaja (Jes 42 og 53), Davíðssálmum (Slm 22; 27; 31; 41; 69) eða texta sem fjalla um komu Messíasar (Mal 2.17–3.6; 4.1–6; Jl 2 og 3; Sak 9–14).²⁶ Út af þessum textum leggur forstöðumaðurinn og tengir Kristi, auk þess er hann með á

²² Sama rit, bls. 402–403.

²³ Gerhard Kunze, „Die Lesungen“, bls. 133–135.

²⁴ Sama rit, bls. 97–102.

²⁵ Kunze tekur fram að gríska orðið *επισκοπος* þýðir forstöðumaður en fær síðar merkinguna ‚biskup sem embættismaður‘, eins og við þekkjum betur úr síðari tíma kirkjusögu. Sjá: Gerhard Kunze, „Die Lesungen“, bls. 119.

²⁶ Sama rit, bls. 120. Um notkun lítilla papírusbóka má m.a. lesa hjá: Hans Johan Sagrusten, *Stóra pásluspílið*, bls. 19–20 og 63–65.

litlum vaxtöflum skrifaðar nokkrar af dæmisögum og orðum Jesú sem hann hafði skrifað upp eftir frásögn annars manns til að halda henni lifandi. Dag einn kemur bréf til þeirra frá Páli postula sem hann les í heild sinni á samkomunni og einnig næsta sunnudag til að fara betur yfir efni þess og skýra út það sem Páll fjallar þar um. Dag einn kemur til borgarinnar kristinn kaupmaður sem notar ferðir sínar til að fá að skrifa upp bréf Páls sem þar er að finna og fær hann leyfi til þess með því skilyrði að söfnuðurinn fái afrit af þeim bréfum sem hann hefur meðferðis. Þannig safnast saman æ meira efni sem lesið er úr og lagt út af í guðspjónustum safnaðarins.²⁷ Auk þess er farið að taka saman efnið sem til er um Jesú Krist og fram á sjónarsviðið koma guðspjöll sem innihalda mikið efni sem er frá Jesú komið, dæmisögur, ræður og atburði er tengjast lífi hans og umfram allt efni tengt píslarsögu hans. Þetta efni hefur verið lesið og út af því lagt í guðspjónustum og það notað við fræðslu trúnaða.²⁸ Þegar forstöðumaðurinn fellur síðan frá, líkt og aðrir frumvottar, verður enn nauðsynlegra að halda til haga því efni sem til er og það efni sem var til um Jesú Krist hefur einnig verið tekið saman í sérstök rit og í framhaldinu fara að mótast vissar venjur um hvaða textar eru lesnir við guðspjónustur og hátíðir safnaðarins.²⁹ Á þennan hátt tekur Kunze að draga saman hvernig tildrög lestraradanna tengjast ekki einungis mótun rita Nýja testamentisins, heldur dregur hann fram hlutverk þeirra í mótun regluritasafnsins (kanonsins) og vægi þeirra sem mælikvarða við hlið reglu trúarinnar og játninga.³⁰

Snemma í sögu frumsafnaðarins er farið að tengja vissa texta við ákveðnar hátíðir. Þetta á í fyrstu sérstaklega við um páskahátíð safnaðanna, en á þriðju öld er hátíðin tiltölulega fastmótuð, sem og tíminn bæði fyrir og eftir hana. Litlu síðar, eða undir lok þriðju aldar, koma jólin fram á sjónarsviðið sem sérstök hátíð, en rætur þeirra liggja frekar í hellenskum menningarheimi. Páskarnir eru hins vegar kristin útfærsla á gyðinglegri trúarhátíð, sem nánar verður fjallað um síðar. Þeir textar sem lesnir voru í tengslum við þessar hátíðir festust fljótlega í sessi og mynduðust ekki einungis textaraðir fyrir þær sjálfar, heldur líka fyrir þá sunnudaga og hátíðir sem tengdust þeim, en um var að ræða föstutíma, jafnan 40 til 50 daga fyrir hátíðina, og svipaðan gleðitíma eftir hátíðina. Fram komu fastmótaðar textaraðir. Athyglisvert er að þessar hátíðir, og þar með mótun kirkjuársins, fylgja náið byggingu Lúkasarguðspjalls og Postulasögunnar, þótt flestir textar kirkjuársins samkvæmt fyrstu textaröð séu úr Matteusarguðspjalli. Ástæða þess er að í Lúkasarguðspjalli er ekki einungis ýtarlegasta fæðingarfrásögnin (Lúk 2.1–35), heldur einnig frásagnir sem tengjast öllum helstu hátíðum kirkjuársins eins og píslarsögunni, páskum (Lúk 22–24), uppstigningardegi og hvítasunnu (Post 1–2). Í hinum guðspjöllunum er efninu raðað á nokkuð annan máta. Í Jóhannesarguðspjalli eru páskar, hvítasunna og himnaför Jesú bundin við einn dag (Jóh 20.17–23).

Sá sem tekur sér fyrir hendur að kanna hvernig ákveðnar „textaraðir“ urðu til í frumsöfnunum og fornkirkjunni verður að gera ráð fyrir mikilli fjölbreytni þar sem slær saman ólíkum hugmyndum. Ef myndin er einfölduð má gera ráð fyrir því að í

²⁷ Nýjatestamentisfræðingurinn Udo Schelle bendir á að snemma hafi verið farið að safna saman bréfum Páls og þar að verki hafi m.a. verið lærisveinar hans. Sjá: Udo Schelle, *Einleitung in das Neue Testament*, bls. 363–366.

²⁸ Gerhard Kunze, „Die Lesungen“, bls. 126; Udo Schelle, *Einleitung in das Neue Testament*, bls. 202–212 og 367–369.

²⁹ Gerhard Kunze, „Die Lesungen“, bls. 119–122.

³⁰ Yfirlit yfir mótunarsögu Nýja testamentisins má m.a. sjá hjá: Udo Schelle, *Einleitung in das Neue Testament*, bls. 363–377.

upphafi hafi andlegir spámenn og hrifningarmeistarar verið mótandi í guðsþjónustunni.³¹ Eftir fráfall postula og frumvotta hefur þörfin fyrir meiri reglu og festu í helgihaldi orðið knýjandi. Það átti einnig við um lestrana og túlkun þeirra í guðsþjónustunni. Í hellensku umhverfi mótaðist allt trúarlíf og öll trúariðkun af sterkri tilfinningu fyrir helgi og vitundinni um valdastiga innan trúfélaga og við helgisiði þeirra. Kristnir söfnuðir voru þegar fram liðu stundir hér engin undantekning en þeir tóku þennan skilning í arf. Þegar á annarri öld er farið að greina á milli djákna, presta og biskupa og skilja þá frá öðru safnaðarfólki. Í þeirra hendur færast smám saman flestir þættir guðsþjónustuhaldsins. Samhliða þessari þróun verða til fastar textaraddir þar sem tilteknir textar, sem bundnir eru við ákveðnar hátíðir, mynda heildstætt kerfi sem spannar allt kirkjuárið. Á þriðju öld virðist að minnsta kosti orðin almenn venja í austurkirkjunni að lesa fjóra lestra. Annars vegar voru lesnir tveir lestrar úr Gamla testamentinu, þ.e. söguritunum og ritum spámannanna, en vani var að nota Davíðs-sálma við daglegar bænaþjónuðir og þess vegna voru þeir ekki teknir inn í textaröðina. Hins vegar voru lesnir tveir lestrar úr Nýja testamentinu, þ.e. bréfunum og guðspjöllunum.³²

Í fornkirkjunni voru við hlið sunnudagsguðsþjónustunnar haldnar guðsþjónustur sem höfðu sérstaka helgisiði og fasta lestra þar sem fólk úr söfnuðinum eða aðrir lesarar lásu. Um er að ræða skírnarguðsþjónustur, auk þess ber að geta um giftingarathafnir og jarðarfarir, en þá var algengt að fjölskyldumeðlimir læsu texta. Við bæna- stundir var auk þess lesið m.a. úr Davíðssálmum og ákveðnir textar úr bréfum Nýja testamentisins.³³ Líkt og með Faðir vorið og blessunarformúlur var stuðst við texta Biblíunnar í guðsþjónustum án þess að þeir væru lesnir sérstaklega. Textarnir veittu orð, orðatiltæki, mál- og hugmyndaheim sem söfnuðurinn gat leitað í til að nálgast Guð í bæn, söng og prédikun. Textar ritningarinnar mótudu þannig allt helgihaldið og helgisiði guðsþjónustunnar. Þessi venja er allt til þessa dags mótandi fyrir guðsþjónustuhald evangelísk-lúthersku kirkjunnar. Davíðssálmar eru notaðir sem bæna- textar auk annarra, Faðir vorið hefur sinn fasta sess og í lok hvernar guðsþjónustu er farið með blessun Arons.³⁴ Leitað er til ritningarinnar varðandi innsetningarorðin við altarissakramentið og við skírnarathöfnina.

Austurkirkjan

Elsta textaröð (períkópa) sem vitað er um er frá 380 og er hún ættuð frá Antiókkíu.³⁵ Í henni eru fjórir lestrar, þ.e. úr lögmálinu og spámönnunum, bréfunum eða Postula- sögunni og guðspjöllunum.³⁶ Við hlið þessarar hefðar er önnur textaröð sem hefur

³¹ Gerhard Kunze, „Die Lesungen“, bls. 115–116. Nýjatestamentisfræðingurinn Jürgen Roloff gerir ráð fyrir meiri tengslum við samkunduhúsin og tengslum innan safnaðarlífs frumsafnaðarins en Kunze, en leggur þó áherslu á fjölbreytileikann. Sjá: Jürgen Roloff, „Der Gottesdienst im Urchristentum“, *Handbuch der Liturgik: Liturgiewissenschaft in Theologie und Praxis der Kirche*, ritstj. Hans-Christoph Schmidt-Lauber, Michael Meyer-Blanck, Karl-Heinrich Bieritz, 3. útg., Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht, 2003, bls. 45–71, hér 56–58.

³² Herwarth von Schade og Frieder Schulz (ritstj.), *Perikopen*, bls. 14–15.

³³ Christian Grethlein, *Was gilt in der Kirche?*, bls. 34.

³⁴ Sjá nánar um hana: Sigurjón Árni Eyjólfsson, „Blessun Arons: Uppruni, notkun og áhrif“, *Áhrif Lúthers: Síðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017, bls. 445–468.

³⁵ Gerhard Kunze, „Die Lesungen“, bls. 146–147.

³⁶ Peter C. Bloth, „Schriftlesung I“, bls. 522, 524 (Const. Ap VIII, 5); Jürgen Roloff, „Gottesdienst im Urchristentum“, bls. 52–54.

svipaðar rætur, en hún er kennd við guðsþjónustuna í Jerúsalem. Sú röð er alls óskyld þeim venjum sem þróuðust í frumsöfnuðinum í Jerúsalem.³⁷ Hún náði mikilli útbreiðslu innan kirkjunnar á tímum Konstantínusar I keisara (306–337). Hann reisti margar kirkjur í Rómaveldi og í helgihaldi þeirra var fylgt þeirri venju musteris-guðsþjónustunnar að lesa tvo lestra úr Gamla testamentinu sem voru yfirfærðir á Nýja testamentið. Þegar kvöldmáltíðarsakramentið var haft um hönd var lesið úr bréfunum og síðan guðspjöllunum. Á ýmsum minningardögum píslarvotta og helgra manna úr ritningunni voru lestrarnir þrír og var þá bætt við einum úr Gamla testamentinu. Þessi hefð varð síðan ofan á í austurkirkjunni.³⁸

Í sýrísku rétttrúnaðarkirkjunni er að finna fimm til sex lestra þar sem þrír eru úr Gamla testamentinu og þrír úr Nýja testamentinu. Oftast voru þó í sýrísku kirkjunni — og þegar á fimmtu öld — þrír lestrar, einn úr Gamla testamentinu og tveir úr Nýja testamentinu, og hefur það haldist til þessa dags. Í armensku kirkjunni eru til textaraðir frá fimmtu öld en þar er gert ráð fyrir að lesið sé úr spámönnunum, postulunum og guðspjöllunum.³⁹ Um er að ræða lestraraðir og ekki mun alltaf hafa verið prédikað út frá þeim.

Vesturkirkjan

Í vesturkirkjunni er fyrst á fimmtu öld að finna í Gallíu (Frakklandi) tilhneigingu til útgáfu á textaröðum fyrir allt kirkjuárið. Um er að ræða tvo texta fyrir hvern sunnudag, annan úr Gamla testamentinu eða bréfunum og hinn úr einu guðspjallanna.⁴⁰ Á sjöundu öld koma fram í Róm fastar textaraðir og líklegt þykir að textaröðin yfir guðspjöllin þar eigi rætur að rekja til textaraða úr guðspjöllunum sem Gregor mikli páfi setti saman um 645 til að prédika út frá.⁴¹ Innan kirkjulegrar hefðar eru þessar textaraðir að hluta til raktar til samantektar sem eignuð er Híerónýmusi kirkjuföður (347–420).⁴² Þessi hefð var bundin við Róm og nánasta umhverfi, en önnur hefð er bundin við norðurhluta Ítalíu, Gallíu, Spán og Bretland. Úr þeirri hefð hafa verið teknir inn í fyrstu textaröðina pistlarnir og textar úr Gamla testamentinu. Sú textaröð er að öllum líkindum að stofni til frá sjöttu öld. Ef þessi flókna saga er einfölduð má segja að á áttundu öld, þegar Karl mikli (748–814) lét endurskipuleggja guðsþjónustuhaldið og fól það Alkuin (735–804), hirðguðfræðingi sínum, voru þessar tvær hefðir — gallíska og rómverska textaröðin — settar saman í eina. Guðspjallstextarnir fylgja rómversku hefðinni en pistlarnir eru teknir upp úr hinni gallísku.⁴³ Ekki var fengist um þá spennu sem er á milli pistla og guðspjallstexta. Lestrarnir voru með þessum aðgerðum samrýmdir fyrir guðsþjónustuhald kirkjunnar. Prestar voru auk þess skyldugir til að lesa úr guðsordabókum eða hómilíum sem innihéldu útleggingar á guðspjallstexta tiltekins sunnudags.⁴⁴ Allar miðaldir var engin krafa gerð til presta um

³⁷ Í uppreisn gyðinga gegn Rómverjum flúði frumsöfnuðurinn Jerúsalem og settist að í Pella eins og fyrr er getið. Eftir fall Jerúsalem árið 70 missti gyðing-kristni vægi sitt og áhrif heiðin-kristinna urðu mótandi. Sá söfnuður sem mótaðist í Jerúsalem eftir fall borgarinnar árið 70 bar þess greinileg merki að tengslin voru ekki lengur til staðar. Sjá: Gerhard Kunze, „Die Lesungen“, bls. 135–136 og 141–142.

³⁸ Peter C. Bloth, „Schriftlesung I“, bls. 526; Karl Dienst, „Perikopen“, bls. 222.

³⁹ Herwarth von Schade og Frieder Schulz (ritstj.), *Perikopen*, bls. 15; Gerhard Kunze, „Die Lesungen“, bls. 147–148.

⁴⁰ Peter C. Bloth, „Schriftlesung I“, bls. 527.

⁴¹ Karl Dienst, „Perikopen“, bls. 222.

⁴² Herwarth von Schade og Frieder Schulz (ritstj.), *Perikopen*, bls. 18.

⁴³ Gerhard Kunze, „Die Lesungen“, bls. 150.

⁴⁴ Isnard W. Frank, „Predigt VI“, *TRE* 27/1997, bls. 248–262, hér 252.

að þeir flyttu sjálfstæðar prédikanir. Í textaröð pistlanna er einnig að finna texta úr Gamla testamentinu (lexiur), en aðallega er um að ræða texta úr ritum spámannanna. Þessi textaröð er kölluð fornkirkjulega textaröðin og er nefnd m.a. í Handbók íslensku kirkjunnar fyrsta textaröðin.⁴⁵ Allar miðaldir var hún lesin á latínu í kirkjum og hafði fyrir þá sem lítt skildu það mál innan guðspjónustunnar oft *magískan* eða dulrænan töfrablæ. Meirihluti safnaðarins hefur lítt skilið það sem lesið var og mennta- eða uppeldislegt vægi lestranna um aldir því takmarkað. Á miðöldum er ekki finna neinar heimildir um einhverja endurskoðun þessarar raðar. Það var einungis fengist lítilliga við helgidagaskrá dýrlinga og texta þeim tengda. Miðaldakirkjan var fyrst og fremst kirkja sakramentanna og var orðið og útlekking þess meira eða minna í höndum förumunkareglna. Prédikunin var þannig séð ekki fastur liður í guðspjónustunni þó að hún hefði þar sinn stað.⁴⁶

Ef þetta er tekið saman er ljóst að í frumsöfnunum var fastur liður að lesið væri úr ritningunni, aðallega textum úr spámannahéðinni, bréfum postula og greint frá orði og verkum Jesú. Lestrarnir gátu bæði verið samfelldir (l. *lectio continua*) eða valdir kaflar. Bæði í austur- og vesturkirkjunni er á fimmtu öld að finna textaraðir sem spanna allt kirkjuárið. Karl mikli kom skipulagi á guðspjónustuhald í ríki sínu og þá er fornkirkjulega textaröðin gerð að lestraröð fyrir allt ríki hans. Þar eru settar saman tvær sjálfstæðar raðir sem eiga rætur að rekja allt til fjórðu og fimmtu aldar, önnur innihélt pistlana og er úr gallískri hefð, en hin guðspjallstextana og er úr rómverskri arfleifð. Hún hélst fram að siðbót og var yfirtekin af Lúther og evangelísk-lúthersku kirkjunni, en dagar heilagra og dýrlinga voru teknir til endurskoðunar.

Marteinn Lúther og textaraðirnar

Lúther ætlaði sér aldrei að stofna kirkjudeild eða nýja kirkju. Hann vildi einungis tryggja að það sem flutt var í kirkjunni væri í samræmi við fagnaðarerindið og taldi að hafna bæri þeim atriðum sem stönguðust á við það.⁴⁷ Hann tekur djúpt í árinni og heldur því fram að ef ekki sé prédikað út frá guðspjalli eigi ekki heldur að syngja það, betra sé að menn lesi það þá. Lestur þess einn og sér sé þó lítt betri, en það var sú hefð sem hafði verið ríkjandi í klaustrum og stofnunum.⁴⁸

Lúther gagnrýndi þá einhliða áherslu á siðferðilegar áminningar og hvatningu til réttar breytni sem kom fram í textum pistlanna. Hann áleit að greinilegt væri að þann sem hefði tekið þá saman hefði skort bæði menntun og trú. Allt annað væri uppi á teningnum um valið á textum úr guðspjöllunum. Í riti sínu *Formula Missae* frá 1523 um guðspjónustuna vill Lúther að textaraðirnar verði endurskoðaðar og aðrir textar úr bréfunum valdir fyrir pistlana.⁴⁹ Þar segir m.a.: „Lesturinn úr pistlum og guðspjöllum var og er einnig gagnlegur, hefðu menn ekki gert þau mistök að lesa textana á

⁴⁵ *Handbók íslensku kirkjunnar*, Reykjavík: Kirkjuráð, 1981.

⁴⁶ Christian Grethlein, *Was gilt in der Kirche?*, bls. 35.

⁴⁷ *Luthers Werke: Kritische Gesamtausgabe [Schriften]*, 73 bindi, Weimar: Hermann Böhlau Nachfolger, 1883–2009 (framvegis skammstafað WA), 11, bls. 74.

⁴⁸ WA 12, bls. 35–36.

⁴⁹ WA 12, bls. 209–210 (sbr. einnig *Dr. Martin Luthers sämtliche Schriften*, ritstj. Johann Georg Walch, 23 bindi, St. Louis: Concordia, 1881–1910 (framvegis skammstafað Walch), X, bls. 2239). Sjá einnig: WA 19, bls. 80 (sbr. Walch X, bls. 233–234).

tungumáli sem fólkið skildi ekki.⁵⁰ Og stuttu síðar ritar hann: „Annars eru sjaldan lesnir kaflar úr bréfum Páls þar sem fjallað er um trúna, aðallega eru þar textar sem fjalla um siðferðilega hluti eða hvatningartextar.“⁵¹ Ástæðuna fyrir þessu textavali telur Lúther vera þá að sá sem skipulagði pistlana hafi verið „áberandi illa að sér og hjátrúarfullur“.⁵² Áhersla í framsetningu Lúthers hvílir nokkuð á kennslufræðilegu vægi fornkirkjulegu textaraðarinnar.

Þrátt fyrir þessa gagnrýni vill hann ekki breyta textaröðinni eins og kemur vel fram í greinargerð hans um guðsþjónustuna frá 1526, *Dýsk messa* (þ. *Deutsche Messe*). Þar kemur fram að Lúther vill auka vægi textaraðarinnar með því að prédika einnig út af öðrum kjarnatextum kristninnar. Hann segir: „Þessari fræðslu get ég ekki skipað betur eða verr en hún var sett fram við upphaf kristninnar og hefur haldist síðan, það er að segja í þremur liðum, boðorðunum tíu, trúarjátningunni og Faðir vor. Í þessu þrennu stendur nánast allt, stutt og laggott, sem nauðsynlegt er fyrir kristinn mann að vita.“⁵³ Lúther kveður skýrt á um vægi þess að leggja út af þessum atriðum sem hann sjálfur gerir í svonefndum katekismus-prédikunum sínum. Varðandi þær segir hann að menn haldi „að ekki sé annað að gera en að hlusta um stund, en dettur ekki í hug að læra eða halda neitt af því sem þeir hafa heyrt. Þannig heyrir margur maðurinn prédikanir í þrjú, fjögur ár, en lærir þó ekki svo mikið að hann geti svarað út úr einum lið trúarjátningarinnar (þess verð ég daglega var). Nóg er skrifað í bókum, víst er um það, en ekki hefur því öllu verið komið inn í hjörtun.“⁵⁴ Hann hvetur til þess að nemendur séu látnir lesa úr ritningunni kvölds og morgna. Það væri í samræmi við fornkirkjulegu textaröðina, en þar að auki væri lesið skipulega úr Gamla og Nýja testamentinu við morgun- og kvöldguðsþjónustur. Lúther setur fram tillögu að eftirfarandi skipan mála:

Á helgidögum eða sunnudögum höldum við óbreyttum venjulegum pistlum og guðsþjöllum og þrenns konar prédikunum. Snemma dags, um kl. 5 eða 6, eru sungnir einhverjir sálmar eins og við óttusöng. Því næst er pistill dagsins prédikaður, fyrst og fremst vegna þjónustufólksins, svo að fyrir því sé séð og það heyri Guðs orð, ef það getur ekki verið viðstatt hinar prédikanirnar. [...] Við messuna um kl. 8 eða 9 er prédikað út frá guðsþjallinu samkvæmt kirkjuárinu. Síðdegis við kvöld-sönginn er Gamla testamentið prédikað áframhaldandi [...]. Ástæðan fyrir því að við höldum skiptingu pistla og guðsþjalla eftir kirkjuárinu, eins og siður hefur verið, er sú að við höfum ekkert við hana að athuga. [...] Við álitum að leikmaðurinn fái næga prédikun og fræðslu í þessu.⁵⁵

Auk þessa leggur Lúther til að á mánudögum og þriðjudögum sé lesið upp úr katekismanum (kverlærdómnum) eða boðorðunum, trúarjátningunni og Faðir vorinu og lagt út af þessu. Á miðvikudögum sé tilvalið að lesa úr Matteusarguðsþjalli en úr Jóhannesarguðsþjalli á laugardögum, sem eru hentug til fræðslu almennings. Aftur á móti á að lesa við morgunguðsþjónustur á fimmtudögum og föstudögum úr pistlum postulanna og því sem eftir er af Nýja testamentinu. Lúther setur hér fram kerfi um hvernig eigi að lesa úr ritningunni hvern dag vikunnar og telur að nauðsynlegt sé að

⁵⁰ Marteinn Lúther, *Helgisíðir og kvöldmáltíð*, í: *Marteinn Lúther: Úrval rita 1, 1517–1523*, þýð. Gunnar Kristjánsson, Reykjavík: Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar og Skálholtsútgáfan, 2017, bls. 361–379, hér 363.

⁵¹ Sama rit, bls. 365.

⁵² Sama rit, bls. 365.

⁵³ Marteinn Lúther, *Dýsk messa og skipan guðsþjónustu*, í: *Marteinn Lúther: Úrval rita 2, 1524–1545*, þýð. Gunnar Kristjánsson, Reykjavík: Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar og Skálholtsútgáfan, 2018, bls. 99–118, hér 103.

⁵⁴ Sama rit, bls. 105.

⁵⁵ Sama rit, bls. 106.

nemendur lesi hvern dag vikunnar við slíkar stundir úr ritningunni og syngi sálma á latínu eins og tíðkast hafði til þessa við óttusöng.⁵⁶

Vegna þeirra stúdenta sem voru við nám í háskólanum í Wittenberg vildi Lúther meðal annars ekki setja inn nýjar textaraðir.⁵⁷ Hann vildi fara hér hægt í sakirnar til að skerða ekki það uppeldisgildi sem festa í kirkjuárinu hafði fyrir safnaðarfólk. Lúther hélt því fast við guðspjallatextana, en breytti þó nokkuð með tíð og tíma valinu á textum í pistlunum.⁵⁸ Hann valdi þá með hliðsjón af guðspjallstextanum sem var í huga hans þungamiðja lestranna. Innan textaraðanna mynda þeir helming þess efnis ritningarinnar sem lesið er í guðspjónustunni. Þegar efni þeirra er skoðað kemur í ljós að þeir veita yfirgripsmikla innsýn í hjálpræðissöguna.⁵⁹ Mælikvarðinn sem Lúther studdist við í mati sínu á þeim var boðunargildið, þess vegna vildi hann að lagt væri út af þeim í prédikuninni.⁶⁰ Markmið prédikunarinnar var að fræða og hugga manninn í samhljóðan við guðspjallið.⁶¹

Lestri þarf að fylgja útlekking að mati Lúthers. Fyrir guðspjónustur á sunnudögum vildi Lúther að prédikað væri út frá fyrstu textaröð eða fornkirkjulegu röðinni annaðhvort út frá pistli eða guðspjalli. Hann var vissulega með sínar athugasemdir gagnvart pistlaröðinni, sem honum fannst valin og sett saman með of þrönga siðferðilega mælikvarða í huga. Í þeim væri ekki tekið nægilegt tillit til þess sem Páll segir um trúna í bréfum sínum. Hann kom ekki með neinar tillögur um breytingar nema varðandi helgidaga sem tileinkaðir voru dýrlingum en helgidagatal hreinsaði hann af öllum dýrlingum og helgum mönnum sem ekki var getið um í Biblíunni. Hann áleit þó leyfilegt að nýta sér aðra texta og efni til prédikana og útlekkinga og var ekki fráhverfur samfelldum lestri (l. *lectio continua*) tiltekinnna rita og útlekkingu á þeim. Lúther kom að útgáfu tveggja postilla með prédikunum sínum og í annarri þeirra er lagt út af fyrstu textaröðinni, annars vegar textum guðspjallanna og hins vegar pistlanna. Auk þess prédikaði hann út frá samfelldum lestri á stórum hluta Matteusar- og Jóhannesarguðspjalls, auk rita Gamla testamentisins eins og Sálmmum Davíðs og Spádómsbók Jesaja, svo að eitthvað sé nefnt. Þær tillögur sem Lúther setti fram vildi hann ekki að yrðu skoðaðar sem óhagganlegt lögmál, heldur að þær bæri að nýta í samræmi við hið kristna frelsi.⁶² Markmið guðspjónustunnar og textaraðarinnar er að lofa Guð og hugga hreldar sálir, en sá þáttur er síðar tekinn upp í Ágsborgarjátningunni. Það á ekki að breyta breytinganna vegna, heldur vegna þess sem þarf til að þjóna fagnaðarerindinu.

Sem munkur og prestur þekkti Lúther vel handbækur kirkjunnar og þær textaraðir sem voru notaðar í guðspjónustunni. Þýski guðfræðingurinn Gerhard Kunze hefur bent á hve mikla alúð Lúther lagði við lesturinn á textum ritningarinnar í guðspjónustunni.⁶³ Þegar Lúther endurskoðaði messuna varði hann miklum tíma í að tónsetja lestrana. Hann vildi að hver lestur væri sunginn í tiltekinni tónhæð. Pistlana

⁵⁶ Sama rit, bls. 106–107.

⁵⁷ WA 19, bls. 79.

⁵⁸ WA 32, bls. 251. Sjá einnig: Peter Brunner, „Die Schriftlesung an Gottesdienstes an Sonn- und Feiertagen“, *Der Gottesdienst an Sonn- und Feiertagen: Untersuchungen zur Kirchenagende I*, 1, Gütersloh: Johannes Stauda-Verlag Kassel, 1949, bls. 83–364, hér 113–206.

⁵⁹ Gerhard Ebeling, *Evangelische Evangelienauslegung*, 3. útg., Tübingen: J.C.B. Mohr (Paul Siebeck), 1991, bls. 25.

⁶⁰ WA 12, bls. 211.

⁶¹ WA 17, bls. 86. Sjá nánar: Peter C. Bloth, „Schriftlesung I“, bls. 530.

⁶² Marteinn Lúther, *Þýsk messa og skipan guðspjónustu*, bls. 116.

⁶³ Gerhard Kunze, „Die Lesungen“, bls. 158.

ætti að syngja út frá sjötta tóni, en hins vegar vildi hann að guðspjöllin væru tónuð frá þeim áttunda. Þessa áherslu og vandvirkni hjá Lúther má rekja til þeirrar sannfæringar að í fluttu orði ritningarinnar stigi Kristur fram og tali beint til safnaðarins. Og þó að presturinn sé hluti af söfnuðinum, þá hljómar rödd Krists í hans rödd. Kunze segir að með Lúther hafi komið fram alveg ný áhersla „sem í nærri þúsund ár hafði lítið verið hugað að: Það átti að virða boðunargildi ritningartextanna.“⁶⁴ Uppruni textaraðanna á fimmtu og sjöttu öld er auk þess sá að þeir eru upphaflega teknir saman til að vera prédikunartextar. En þessi almenna prédikunarhefð deyr út á miðöldum, en textarnir eru lesnir á latínu við hverja guðspjónustu. Eins og gefur að skilja skildu þeir sem ekki voru vel að sér í henni lítt það sem lesið var, en þessi vani hafði þau áhrif að fyrsta textaröðin hélst óbreytt, en þær breytingar sem voru gerðar síðar sneru að textum á dögum sem tileinkaðir voru hinum mörgu dýrlingum.

Þetta breyttist hins vegar algjörlega með Lúther og siðbótinni. Guðspjónustan var flutt á móðurmálinu og í prédikuninni voru lestrarnir útlagðir. Lúther hélt sig við textaröðina þegar hann prédikaði í guðspjónustunni á sunnudögum, um morguninn lagði hann út af guðspjalli en síðdegis út af pistli. Aftur á móti þegar hann prédikaði í miðri viku, þ.e. á miðvikudögum og laugardögum, lagði hann út af heilu ritunum og viðhélt þar hefðinni um samfelldan lestur ritningarinnar (l. *lectio continua*).⁶⁵ Lúther hnýtir þannig saman lestrana og prédikunina að annað er óhugsandi án hins.⁶⁶

Það sem hér hefur fram komið má þá draga saman þannig að Lúther (a) styðst eindregið við textaröð fornkirkjunnar, hann (b) vísar einungis frá henni í undantekningartilvikum og velur sér annan texta, (c) fylgir textaröðinni að fullu í guðspjónustum á helgidögum og loks (d) leggur hann aðallega út af guðspjallatextunum.⁶⁷

Aðrir siðbótarfrömuðir

Ulrich Zwingli (1484–1531) og Jóhann Kalvín (1509–1564) taka aðra afstöðu til fyrstu textaraðarinnar en Lúther. Ástæða þess er að Zwingli er undir áhrifum af nokkuð annarri hefð þar sem guðspjónusta prédikunarinnar situr í fyrirrími í siðbótarstarfinu, en hún var mótandi í Suður-Þýskalandi og Sviss og átti rætur að rekja allt aftur til níundu og tíundu aldar. Með henni var komið til móts við þarfir safnaðarins fyrir prédikanir á móðurmálinu. Þessi gerð guðspjónustu kallaðist *Pronaus* (fr. *prône*; l. *preaconium* = að boða). Hér var um að ræða guðspjónustu sem tók fyrst og fremst mið af prédikuninni eða boðuninni. Í tengslum við hana þróaðist sérstakt guðspjónustuform þar sem kvöldmáltíðarsakramentið var ekki lengur hluti af helgihaldinu.⁶⁸ Boðið var upp á altarisgöngu eftir guðspjónustur eða á milli tveggja slíkra. Á tólftu öld jukust áhrif prédikunarreglna fransiskana og dómíníkana og þá var jafnvel gengið svo langt að reisa sérstakar kirkjur fyrir prédikunarguðspjónustur. Þessi hefð hafði varanleg áhrif á svæðum þar sem siðbótarstarf Zwinglis fór fram og síðar

⁶⁴ Sama rit, bls. 161.

⁶⁵ Martin Brecht, *Die Erhaltung der Kirche, 1532–1546*, Martin Luther 3, Stuttgart: Calwer Verlag, 1987, bls. 248; Albrecht Beutel, „Predigt VIII“, *TRE* 27/1997, bls. 296–311, hér 297.

⁶⁶ Um mat Lúthers á einstökum textum fyrstu textaraðarinnar, sjá: Peter Brunner, „Die Schriftlesung an Gottesdiensten an Sonn- und Feiertagen“, bls. 113–206.

⁶⁷ Gerhard Ebeling, *Evangelische Evangelienauslegung*, bls. 21–22.

⁶⁸ Eberhard Winkler, „Predigtgottesdienst“, *Handbuch der Liturgik: Liturgiewissenschaft in Theologie und Praxis der Kirche*, ritstj. Hans-Christoph Schmidt-Lauber, Michael Meyer-Blanck, Karl-Heinrich Bieritz, 3. útg., Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht, 2003, bls. 247–267, hér 251.

Kalvíns.⁶⁹ Í þessum guðsþjónustum var lögð meiri áhersla á samfelldan lestur en fyrstu textaröð. Lúther þekkti vissulega til þessarar hefðar og byggir á henni í umfjöllun sinni um prédikunarguðsþjónustur sem hann vildi að haldnar væru á virkum dögum, en hann bindur þær að vísu við byggingu tíðasöngsins. Hann sló með öðrum orðum saman óttusöng fyrri (l. *matutinum*) og óttusöng efri (l. *laudes*) í einn tíðasöng sem hann nefndi morgunsöng (þ. *Mette*) og miðaftantíð (l. *vesper*).⁷⁰

Zwingli vildi aftur á móti byggja á prédikunarhefðinni að öllu leyti. Í samræmi við það hafnaði hann fornkirkjulegu textaröðinni sem honum fannst vera undir of miklum áhrifum frá Róm. Þessi afstaða kemur skýrt fram í þeirri kirkjuordinansíu (fyrirmælum um skipan kirkjumála) sem gefin var út í Zürich 1525 og 1535. Þetta hafði þær afleiðingar að það losnaði um hin nánu tengsl sem verið höfðu á milli ritningarlestursins og kirkjuársins, sem einmitt einkenna fyrstu textaröðina. Zwingli lagði mesta áherslu á fræðsluhlutverk boðunarinnar sem tengdist samfelldum lestri á ritum ritningarinnar og útleggingu á efni hennar í prédikuninni. Þessi afstaða hans endurspeglast vel í skilningi hans á vægi og stöðu altarissakramentisins sem hann túlkar fyrst og fremst sem minningarathöfn.⁷¹

Jóhann Kalvín hafnaði líka fyrstu textaröðinni og nýtti sér hefð prédikunarguðsþjónustunnar, hugmyndina um samfelldan ritningarlestur. Að mati hans var það þó ekki eingöngu á valdi prestsins og safnaðarráðsins að ákveða hvaða texti skyldi lesinn í endurbættu (reformertu) kirkjunni. Í kirkjuordinansíu í Kurpfalz frá 1563 er kveðið á um að tilsjónarmaður eða biskup hverrar kirkju skuli ákveða hvaða texta skuli lesa í guðsþjónustum og út frá hvaða textum prédikað.⁷² Í staðinn fyrir að halla sér að hefðinni, eins og ítrekað er m.a. í Ágsborgarjátningunni frá 1530 fyrir lúthersku kirkjudeildina, færist úrskurðarvaldið um val á textum í kirkjudeild kalvínista í hendur embættismönnum kirkjustjórnarinnar.

Þegar fram liðu stundir hafði þessi þróun þær afleiðingar að afstaðan til ritningarlesturs guðsþjónustunnar greindi að kirkjudeildirnar tvær og gat beinlínis sagt til um hvorri kirkjudeildinni einstaklingar tilheyrðu. Þannig varð fyrsta textaröðin að samnefnara fyrir evangelísk-lúthersku kirkjuna en samfelldur lestur fyrir kalvínsku kirkjuna.⁷³

Niðurstöður

Hugmyndir Lúthers um guðsþjónustuhald á miðvikudögum og laugardögum, þar sem byggt væri á samfelldum lestri, reyndust lítt framkvæmanlegar til lengri tíma. Guðsþjónustuhald á sunnudögum og öðrum föstum helgidögum kirkjuársins varð ofan á, en þar varð fyrsta textaröðin mótandi. Í kjölfar upplýsingarinnar og fyrir áhrif píetismans urðu þær ræddir æ háværi sem fóru fram á að textaröðin yrði endur-

⁶⁹ Sama rit, bls. 253.

⁷⁰ Einar Sigurbjörnsson, *Embættisgjörð: Guðfræði þjónustunnar í sögu og samtíð*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 1996, bls. 150–151.

⁷¹ Christian Grethlein, *Was gilt in der Kirche?*, bls. 38; Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Guðfræði Marteins Lúthers: Í ljósi túlkunar hans á Jóhannesarguðspjalli 1535–1540*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2000, bls. 300–302.

⁷² Peter C. Bloth, „Schriftlesung I“, bls. 531.

⁷³ Sama rit, bls. 553.

skoðuð og að innleiða bæri samfelldan lestur og leggja meiri áherslu á þemaprédikanir.⁷⁴ Þessar kröfur eru bein afleiðing af aukinni útbreiðslu Biblíunnar og biblíuþekkingu almennings sem var miðlæg í trúarhugsun fulltrúa píetismans. Í nokkrum endurskoðunum textaraðarinnar, t.d. í Þýskalandi og á Norðurlöndum, og viðbótum við hana er reynt að koma til móts við þessar kröfur. Full þörf er á að gera grein fyrir þeirri sögu sérstaklega, ekki síst áhrifum hennar á Íslandi, en það verður þó ekki gert að þessu sinni.⁷⁵

Að framangreindu er ljóst að textaraðir fornkirkjunnar þróuðust samhliða helgiritasafni kristinnar. Áberandi er í þeirri þróun að textarnir sem lentu inni í lestrunum þurftu að fullnægja tilteknum skilyrðum og er þar helst að nefna að þeir urðu að vera margræðir og opnir fyrir túlkunum. Þessir textar urðu fyrir valinu af því að þeir eru hlaðnir fagnaðarerindinu og margbreytileika þess, en það á alls ekki við um alla texta ritningarinnar. Þessi margræðni textans kemur hins vegar í veg fyrir einhliða siðferðistúlkun. Í annan stað raðast þeir saman til að mynda skipulega heild kringum meginhátíðir kristinnar, páska, jól og síðar þrenningarhátíðina. Í mótun kirkjuársins reyndist ekki unnt að viðhalda samfelldum línulegum lestri, heldur þurfti að tengja saman texta til þess að þeir mynduðu eina heild. Í sögu kirkjunnar þróuðust tvær hefðir, að lesa texta textaraðarinnar á sunnudögum og leggja út af honum, en samfelldur lestur á öðrum textum utan raðarinnar voru bundnir við aðra daga vikunnar. Í kjölfar siðbótarinnar klofnaði þessi hefð. Í lútherskum kirkjum er stuðst við textaröð fornkirkjunnar en í kalvínsku kirkjunni og Zwingli-hefðinni er stuðst við *lectio continua* eða valda texta.

Þegar saga fyrstu textaraðarinnar á Íslandi er skoðuð liggur nærri að fullyrða að hún hafi verið mótandi allt frá kristnitöku.⁷⁶ Aðeins hefur verið bætt við textaröðum og einum og einum lestri eða lexíu úr Gamla testamentinu í Handbókinni 1981. Þetta á sér þær skýringar að eftir seinni heimsstyrjöld varð það sjónarmið ofan á að nauðsynlegt væri að varpa ljósi á rætur kristinnar í arfleifð Gamla testamentisins og sameiginlegrar hefðar gyðingdóms og kristni. Áberandi er í endurskoðunum textaraðarinnar hversu mikil alúð hefur verið lögð við að finna texta í Gamla testamentinu sem eru í samhljóman við pistil og guðspjall.

Gera verður skýran greinarmun á textaröðinni og almennum biblíulestri. Lestur í guðspjónustu hefur ekki það markmið að auka biblíuþekkingu fólks, heldur að miðla fagnaðarerindinu.

⁷⁴ Sama rit, bls. 540.

⁷⁵ Þessi flókna saga er vel rakin hjá: Christian Grethlein, *Was gilt in der Kirche?*, bls. 41–56. Sjá einnig: Herwarth von Schade og Frieder Schulz (ritstj.), *Perikopen*, bls. 34–72; Karl-Heinrich Bieritz, „Es wechseln die Zeiten: Perikopenreformen seit 1896 und ihr hermeneutischen Horizont“, *Auf den Weg zur Perikopenrevision: Dokumentation einer wissenschaftlichen Fachtagung*, Hannover: Kirchenamt EKD, UEK og VELKD, 2010, bls. 115–133.

⁷⁶ Prédikanarsöfn taka t.d. gjarnan mið af henni og innihalda að stórum hluta prédikanir út frá textum fyrstu raðarinnar, svo að ekki sé minnst á Vísabók Guðbrands sem inniheldur vísur og ljóð fyrir texta kirkjuársins samkvæmt fyrstu textaröðinni. Í Vísabókinni er fyrst greint frá efni guðspjallsins og síðar er í nokkrum erindum að finna útleggingu eða heimfærslu. Einnig má þar sjá ýtarlega umfjöllun um helstu hátíðir kirkjunnar og atriði sem tengjast kristilegu lífni. Ef Íslensk hómilíubók er skoðuð blasir hið sama við. Íslenskar postillur fylgja fyrstu textaröðinni, hinni fornkirkjulegu röð, bæði í guðspjallstextunum og pistlunum.